

Fundargerð

311. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

Fimmtudaginn 9. september 2010, kl.15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariútröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð er rituð á tölvu og er hún 2 blaðsíður á lengd.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson, Andrea Björnsdóttir og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

Gústaf Jökull setti fundinn og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar frá 9.ágúst 2010. *Samþykkt.*
2. Fundargerð fjallskilanefndar frá 23.ágúst 2010. *Samþykkt.*
3. Fundargerð sveitarstjórnar Reykhólahrepps, félagsmálanefndar Reykhólahrepps og verkefnastjóra fjórðungssambands Vestfjarða frá 23.ágúst 2010. *Samþykkt.*
4. Fundargerð fjallskilanefndar frá 26.ágúst 2010. *Samþykkt.*
5. Fundargerð skipulags-bygginga-húsnæðis-og hafnarnefndar frá 6. september 2010. *Liður 1, samþykktur, liður 2 samþykktur, liður 3 samþykktur, liður 4 samþykktur, liður 5 samþykktur, liður 6 samþykktur, liður 7 samþykktur, liður 8, samþykktur.*

Mál til afgreiðslu:

1. Ráðning sveitarstjóra. *Ákveðið hefur verið að ganga til samninga við Gylfa Þór Þórisson. Oddvita og varaoddvita falið að ganga frá samningum við hann.*
2. Bréf frá Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytinu dagsett 30.júlí 2010. Efni:Sölumál á Reykhólum. *Ákveðið var að gera ekki athugasemdir af hálfu sveitafélagsins.*
3. Bréf frá Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytinu dagsett 10.ágúst 2010. Efni:Barmar. *Ákveðið var að gera ekki athugasemdir af hálfu sveitafélagsins.*
4. Fjallskilaseðill 2010. *Samþykktur.*
5. Bréf frá stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum dagsett 10.júlí 2010. *Erindinu hafnað.*
6. Bréf frá Icefitness dagsett í júlí 2010.Efni:Umsókn um styrk vegna skólahreysti 2010. *Samþykkt var að styrkja Icefitness vegna skólahreysti 2010 um 30,000,-.*
7. Tölvupóstur dagsettur 5.ágúst frá Guðmundi Lúther Hafsteinssyni vegna Bæjar og húsakönnunar í Flatey. *Samþykkt var að fara í útgáfu á „Bæjar og húsakönnun í Flatey“. Oddvita falið að klára málið sem fyrst.*

8. Bréf frá Vegagerðinni dagsett 23.ágúst 2010. Efni:Styrkvegafé 2010. *Ákveðið var að fela Eiríki Kristjánssyni og Sveini Ragnarssyni að hafa umsjón með framkvæmd þeirra verka sem þegar hefur verið sótt um og að koma þessum málaflokki í fastari skorður.*

Mál til kynningar:

1. Bréf dagsett 1.september 2010 frá Velferðarvaktinni. Efni: Ályktun velferðarvaktarinnar í upphafi skólastarfs. *Kynnt.*

2. Bréf dagsett 28. júlí 2010 frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Efni: Kynning á störfum starfshóps sem samgöngu og sveitarstjórnarráðherra skipaði í febrúar 2009 til að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæða um jöfnunarsjóð sveitarfélaga. *Kynnt.*

3. Bréf dagsett 28.júní 2010 frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytinu jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Efni: Úthlutun vegna hækkunar á tryggingargjaldi. *Kynnt.*

Önnur mál, löglega upp borin.

1. Bréf frá Jóhannesi Geir Gíslasyni. *Erindinu vísað til stjórnar Barmahlíðar..*
2. Laun fyrir viðveru sveitastjórnarmanna á skrifstofu. *Ákveðið var að fela Eiríki Kristjánssyni og Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur að kanna málið frekar og koma með tillögur fyrir næsta hreppsnefndarfund.*
3. Erindi frá Árna Sigurpálssyni, umsókn um stöðuleyfi. *Umsóknin var samþykkt, með fjórum greiddum atkvæðum, með þeim fyrirvara að staðsetning húsanna verði í samræmi við brunareglugerð og haft verði samráð við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.*
4. Bréf frá Fjárlaganefnd Alþingis. *Kynnt.*
5. Bréf frá lögmönnum Thorsplani. *Oddvita er falið svara bréfi frá lögmönnum Thorsplani.*
6. Fundargerð frá Félagsmála- og jafnréttisnefnd. *Samþykkt.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 20:50